

Lærði skólinn

Lækjargötu 7

Talsvert var leikið í Lærða skólanum á 19. öld. Skólapiltar tóku að sýna leiki fljótlega eftir að skólinn fluttist frá Bessastöðum árið 1845 í hið nýja og glæsilega hús hans í brekkunni ofan við Lækinn. Fóru sýningarnar lengst af fram í sjálfu skólahúsinu á svefnlofti pilta á annarri hæð, svokölluðu Langalofti (merkt með rauðu á myndinni). Skóla-leikirnir voru stopulir og stundum liðu mörg ár án þess leikið væri. Jafnan var leikið fyrir boðsgesti, en fyrir kom að piltar opnuðu dyr hússins og buðu almenningi að koma og sjá dýrdina.

Á árunum í kringum 1870 var óvenju mikil gróska í leikstarfi skólapilta. Þá voru í skólanum nokkrir ungir menn sem frumsömdu leiki og urðu sumir síðar þjóðkunn skáld. Enginn þeirra markaði þó jafn djúp spor í leiklistarsöguna og Indriði Einarsson. Frumsýningin á *Nýársnóttinni* á Langaloftinu á jólum 1870 þótti merkisviðburður og skaut Indriða upp á stjörnuhimininn.



Indriði Einarsson.



Nýársnóttin á sviði Leikfélags Reykjavíkur í Iðno árið 1907.

